

Nr. 1 1. tbl., 1 árg. júní 2011

Aðgengi tryggt að stafrænum landupplýsingum



Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar nr. 44/2011 voru samþykkt á Alþingi í maí síðastliðnum en með þeim eru grundvallaratriði svokallaðrar INSPIRE-tilskipunar Evrópusambandsins innleidd samkvæmt EES samningnum. Markmið laganna er að byggja upp og viðhalda grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á vegum stjórnvalda ekki síst til að auka aðgengi stjórnvalda sjálfra og almennings að

mikilvægum upplýsingum. Landupplýsingar eru hvers kyns hnitsettar upplýsingar um fyrirbæri í umhverfinu, bæði náttúruleg og manngerð.

Þessi lög eru mikið framfaraspor fyrir samfélagið og með framkvæmd þeirra verður aðgengi almennings að landupplýsingum mun betra en áður. Með löggjöfinni eykst einnig aðgengi stjórnvalda og einstakra stofnana að þeim landupplýsingum sem til eru og sýnt hefur verið fram á að þegar til lengri tíma er litið má spara töluverða fjármuni. Lögin kveða hinsvegar ekki á um söfnun nýrra upplýsinga heldur er fyrst og fremst verið að gera þær upplýsingar sem fyrir liggja nú og í framtíðinni aðgengilegri öllum til gagns.

Í nútímaþjóðfélagi þar sem borgararnir taka í auknum mæli þátt í ákvarðanatöku um hin ýmsu mál og láta sig umhverfismál miklu varða er lykilatriði að til séu áreiðanlegar og góðar upplýsingar. Gott skipulag á þessu sviði hvetur til aukinnar nýsköpunar og rannsókna og opnar ný tækifæri fyrir einkafyrirtæki og stofnanir til að efla þjónustu við almenning. Aðgengilegar

upplýsingar um ýmsa náttúrufræðisþætti svo sem vatn, jarðveg, gróður og landslag ættu að stuðla að því að betur verði hægt að fylgjast með ástandi umhverfisins og bæta úr þar sem þörf er á. Slíkt er mikilvægt, sérstaklega nú á tímum mikilla breytinga í náttúrunni.

Með lagasetningunni fá Landmælingar Íslands nýtt og aukið hlutverk en stofnunin fer með framkvæmd laganna þar sem þörf er góðrar samvinnu við fjölmargar stofnanir og sveitarfélög.

Það er mikil vinna framundan við framkvæmd og innleiðingu laganna og til þess að markmið þeirra náist er mikilvægt að allir sem að málinu koma leggi sig fram og taki fullan þátt í þeirri vinnu sem mun nýtast öllum í framtíðinni. Ég vil óska þeim sem að þeirri vinnu munu koma góðs gengis og vona að við náum í sameiningu þeim markmiðum sem sett hafa verið með lögnum.

*Svandís Svavarsdóttir
umhverfisráðherra*



LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

FORSÍÐA GRUNNGERÐ ÚTGÁFA OG FRÆÐSLA LÝSIGÖGN UM INSPIRE SPURT OG SVARAD

Breytingar á lögum um Landmælingar Íslands

Með lögum um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar fái Landmælingar Íslands nýtt hlutverk. Breytingar verða á 4 gr. laga um landmælingar og grunnkortagerð en þar bætist við nýr tölulitur sem segir: „Að fara með framkvæmd laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar, þ.m.t. að sjá um rekstur, viðhald og tæknilega þróun landupplýsingagættar.“



Vefsíða Landmælinga Íslands um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar

Landmælingar Íslands hafa opnað vefsíðu þar sem fjallað verður um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Vefsíðan mun

verða í uppbyggingu á næstu misserum og eru allar ábendingar varðandi hana vel þegnar á netfangið lmi@lmi.is Slóð vefsíðunnar er inspire.lmi.is

Áhugaverðar vefsíður

[Lög um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar](#)

[Heimasíða INSPIRE](#)

[Þýðing Landmælinga Íslands á INSPIRE tilskipuninni](#)

[Greinargerð og tillögur um innleiðingu INSPIRE á Íslandi](#)

[Innleiðing INSPIRE á Íslandi](#)

[Grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar](#)

Er munur á grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi og INSPIRE?

Stutt svar við þessari spurningu er já.

Hugtakið

Hugtakið *grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar* er íslenska heitið á því sem á ensku kallast „Spatial Data Infrastructure“. Með hugtakinu er átt við *tækni, stefnur, staðla og mannauð* sem þarf til að afla stafræna landupplýsinga, vinna úr þeim, varðveita, miðla og auðvelda notkun þeirra.

Í 2. gr. INSPIRE-tilskipunar Evrópu-sambandsins segir að hún skuli byggð á grunngerð fyrir landupplýsingar sem komið hefur verið á fót í aðildarríkjunum og starfrækt af hálfu þeirra. Þannig er gert ráð fyrir að hvert land komi á fót grunngerð fyrir sínar landupplýsingar. Grunngerð hvers aðildarríkis þarf því ekki að vera með sama hætti og INSPIRE grunngerðin þar sem þarfir og kröfur geta verið mjög mismunandi milli landa. Þó er mikilvægt

að byggja á grundvallaratriðum INSPIRE.

Samræmingarnefndin

Á Íslandi mun stefna fyrir grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar að hluta til verða mótuð af samræmingarnefnd sem skipuð verður samkvæmt nýju lögnum um grunngerð stafræna landupplýsinga. Nefndinni er ætlað að starfa til 1. janúar 2014 og er hlutverk hennar að vinna að fyrstu aðgerðaáætlun og aðstoða stjórnvöld við frekari stefnumótun. Þannig verður mögulegt að byggja á þörfum notenda landupplýsinga á Íslandi og laga verkefnið að aðstæðum hér á landi. Grunngerðin mun einnig nýtast sem grunnur fyrir INSPIRE tilskipunina á Íslandi þar sem aðgengi að gögnum verður betra, gögnin verða á stöðluðu formi (flokkuð eftir t.d. IST 120 flokkunarlistanum), til verða lýsigögn um þau og stefna stjórnvalda í málaflokknum verður skýr. Landmælingar Íslands munu sjá til þess fyrir hönd umhverfisráðherra að gögn sem heyra undir grunngerð landupplýsinga og ná einnig til INSPIRE-tilskipunarinnar verði gerð aðgengileg samkvæmt kröfum INSPIRE.

www.lmi.is

Spurt og svarað

Hvaða gögn heyra undir INSPIRE?

Allar landupplýsingar í umsjá opinberra stofnana og sveitarfélaga sem til eru á stafrænu formi og falla undir þrjá viðauka sem tilgreindir eru í INSPIRE-tilskipuninni.

Ef ekki eru til gögn af einhverju þema sem fjallað er um í INSPIRE er aðildarríki þá skyldugt til að útvega þau gögn?

Nei, samkvæmt INSPIRE er ekki krafa um öflun nýrra gagna.

Ef mín stofnun er með gögn sem heyra undir viðauka III, á þá að skrá þau og gera aðgengileg skv. INSPIRE?

Já, það er mikilvægt fyrir alla opinbera aðila sem tilskipunin nær til að koma landupplýsingum á það form að hægt sé að nálgast þau og birta um þau lýsigögn á vefnum.

Verða landupplýsingar gjaldfrjálsar með innleiðingu INSPIRE?

Það er ekki víst, í INSPIRE-tilskipuninni er aðeins sagt til um að lýsigagna- og skoðunarþjónusta fyrir gögnin sé án gjalddtóku. Það veltur á stefnu hvers ríkis eða hvers opinbers aðila hvernig gögnin eru verðlögð.

Lýsigögn fyrir INSPIRE

Lýsigögn eru upplýsingar sem lýsa, greina og veita aðgang að öðrum gögnum svo sem landupplýsingagögnum og/eða þjónustum vegna þeirra. Skráning lýsigagna er eitt af þeim atriðum sem fyrst þarf að vinna í samkvæmt INSPIRE. Í reglugerð sem byggir á INSPIRE um lýsigögn eru settar fram kröfur um atriði sem skylda er að skrá og að þeim verði haldið við, sjá nánar: <http://inspire.jrc.ec.europa.eu/index.cfm/pageid/101>. Í reglugerðinni má finna leiðbeiningaskjal (guidance) og önnur fylgiskjöl s.s. um innleiðingareglur lýsigagna. Það er mikilvægt að hefjast sem fyrst handa við að ákvarða í samræmi við staðla og reglugerðir

hvaða gögn þarf að nýskrá, hvaða gögn kalla á endurnýjun upplýsinga og hvort sannreyna þarf gæði þeirra gagna sem skráð hafa verið.

Hvar á að byrja?

Fyrsta skrefið er að finna og greina gögn og núverandi ástand lýsigagna hjá viðkomandi stofnun eða sveitarfélagi, þ.e. hvar vantar lýsigögn, hvar er skráningu ekki lokið, hvaða gögn hafa verið skráð en ekki uppfærð, eru einhverjar upplýsingar um gögnin sem ekki er vitað um o.s.frv.

Næsta skref er að ljúka skráningu lýsigagna eða búa til ný lýsigögn sem síðan þarf að sannreyna í samræmi við staðla. ArcGIS-notendur geta búið til, sannreynt og tekið út lýsigögn í ArcCatalog. Áður en það er gert þarf að tilgreina Metadata Style og velja INSPIRE Metadata Directive með því að opna valmyndaslóðina: *Customize* →

ArcCatalog Options → *Metadata tab*. Lýsigögn er hægt að flytja út í XML-skrá og sannreyna á INSPIRE vefgáttinni <http://www.inspire-geoportal.eu/index.cfm/pageid/48>. Þeir sem ekki nota ArcGIS geta búið til og sannreynt lýsigögnin á Metadata Editor sem er að finna á INSPIRE vefgáttinni, sjá handbók efst á þessari síðu: <http://www.inspire-geoportal.eu/index.cfm/pageid/342>.

Lýsigögn þurfa að standast allar prófanir og mega ekki hafa ógild eða óútfyllt skylduskráningaratriði.

Almennar viðmiðunarreglur fyrir fullgildar lýsigagnaskráningar eru:

- § Öll gagnasett skulu sannreynd miðað við skylduskráningaratriði;
- § Lýsigagnaskráningaratriði skulu sannreynd miðað við skráningaskilgreiningar (Domain);
- § Lýsigagnaskráningaratriði þurfa að